

3. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með frjálsum framlögum einstaklinga og félaga, sölu minningarspjalda og á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegt og viðeigandi.

110

27. sept.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal ráðstafað þannig:

- a. Allar beinar tekjur skulu lagðar í sjóð til ávöxtunar.
- b. Allir vextir sjóðsins skulu varðveittir með sjóðnum, þar til hann er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —, en þá má verja öllum vöxtunum samkv. 2. gr., ef stjórn sjóðsins telur það heppilegt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir menn:

1. Forseti Alþýðuflokksins.
2. Baldvin Jónsson lögfr., meðan hans nýtur við. Eftir hans tíma ákveður stjórn Alþýðuflokksins mann í hans stað.
3. Formaður Hins íslenska prentarafélags.
4. Formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur.

Forseti Alþýðuflokksins er formaður sjóðstjórnarinnar og, ef atkvæði eru jöfn á fundum stjórnarinnar, ræður hans atkvæði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur Alþýðuflokksins eru jafnframt endurskoðendur sjóðsins.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Forlagsboghandler Dr. phil. h. c. 111 Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík“ útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkju-málaráðherra 28. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Forlagsboghandler, Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn skal bera heitið „Forlagsboghandler Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík“.

2. gr.

Þegar sjóðurinn er stofnaður eru eignir hans krónur 10000.00, og skal fyrir höfuðstólinn kaupa dönsk skuldabréf, er á hverjum tíma er heimilt að nota til ávöxtunar ómyndugra fjár.

111 Eignir sjóðsins skulu hljóða á nafn sjóðsins, og skal eftir því sem við verður
28. sept. komið vera skráð á þær, að þær séu hans eign, og skal auk þess á þær skráð við-
eigandi afhendingarbann.

3. gr.

Skuldabréfaeign stofnunarinnar skal fyrir milligöngu sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn vera komið fyrir í umboðsdeild „Bikuben“, og skal hún hafa umsjón hennar.

Ársvextina skal greiða rektor háskóla Íslands, og skal þeim varið svo sem í 5. gr. segir.

4. gr.

Vöxtum sjóðsins skal ráðstafað af nefnd þriggja háskólakennara í íslenzkri tungu og bókmenntum og sögu við heimspekisdeild háskólans í Reykjavík. Nefndin skal kosin af deildinni ásamt rektor háskólans. Kosning fer fram þriðja hvert ár. Endurkosning er heimil.

5. gr.

Nefnd sú, er ræðir í 4. gr., skal árlega mega ráðstafa $\frac{1}{10}$ vaxtaupphæðar þeirrar, sem umboðsdeild „Bikuben“ hefir greitt rektor háskólans.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Tíundi hluti sá, sem eftir er, leggst við höfuðstólinn, og skal með hann farið samkvæmt reglunum í 1. og 2. málsgrein 2. greinar, en þó aðeins þar til höfuðstóllinn alls er orðinn krónur 100000.00, en eftir það má greiða út alla vaxtaupphæðina.

Nú eru skuldabréf, sem eru eign sjóðsins, dregin út til greiðslu, og skal þá andvirði þeirra varið eins og segir í 2. gr.

Sama gildir um sérhverja aukningu á eignum sjóðsins, og skal slík aukning skráð á skipulagsskrána.

6. gr.

Er úthluta skal vaxtaupphæðinni, sker nefnd sú, er um ræðir í 4. gr., úr því, hvort hana skuli hljóta einn eða fleiri styrkþegar.

Upphæðinni skal einkanlega varið til þess að vinna úr eða gefa út forníslenzk rit í útgáfum, sem hafa alþjóðlegt gildi, eða til þess að vinna úr eða gefa út rit um þessi efni (rannsóknir íslenzkra fornmennta) eða til ferðastyrkja handa íslenzkum fræðimönnum eða stúdentum til málfræðilegra, bókmenntalegra eða sagnfræðilegra rannsókna í dönskum söfnum.

7. gr.

Styrkþegi hlýtur styrkinn sem séreign, og eigi má framselja hann eða veðsetja, eigi má heldur kyrsetja hann eða gera í honum fjárnám eða aðra aðfarargerð.

8. gr.

Ekki má gera rétt til styrks úr sjóðnum að dómstólamáli, heldur sker nefnd sú, er um ræðir í 4. gr., úr því, og er það fullnaðarúrskurður.

9. gr.

Á hverju ári skal „Bikuben“ gera reikningsskil fyrir eignum sjóðsins.

Nefndin gerir einnig á hverju ári reikningsskil um það, hvernig vaxtaupphæðinni hefir verið varið og úthlutað.

Reikningsárið er almanaksárið.

Áður en 3 mánuðir séu liðnir frá því að almanaksárið er útrunnið, skulu reikningar þessir fengnir í hendur endurskoðunarnefnd, sem gengur úr skugga um, að eignirnar séu til og úrskurðar reikningana.

Í endurskoðunarnefndinni eru 2 menn, og skal annar þeirra vera sá maður, 111
sem á hverjum tíma er sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Hinn nefndarmaður- 28. sept.
inn skal kosinn, og gerir bókaútgefandi Einar Munksgaard það, meðan hann lifir.
Að sjóðsstofnanda látnum skal hinn maðurinn kosinn af nefnd þeirri, er um ræðir
í 4. gr.

Sá maður endurskoðunarnefndarinnar, sem kosinn er, skal kosinn til 3 ára í
senn. Heimil er endurkosning.

10. gr.

Skyldi svo fara, að heimspekideild Háskóla Íslands hætti störfum, eru framan-
greindar reglur í gildi eftir sem áður — þó svo, að vaxtaupphæðir, sem enn ekki
hefir verið úthlutað, skulu afhentar stjórnarnefnd Árna Magnússonar sjóðsins við
háskóla Kaupmannahafnar, og kemur stjórnarnefnd sú í stað nefndar þeirrar, sem
um ræðir í 4. gr.

Reglur þær, sem getur í 2. málsg. 3. gr. eru í gildi eftir sem áður, þó svo að
formaður stjórnarnefndarinnar kemur í stað rektors við háskóla Íslands.

Ef svo kynni að fara, koma danskir vísindamenn til greina við styrkveitingu
úr sjóðnum til jafns við íslenska, með skilyrðum þeim, sem tiltekin eru í 6. gr.

Kaupmannahöfn, hinn 23. maí 1938.

Einar Munksgaard.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð J. C. Möller frá 6. októ- 112
ber 1938“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. sept.
28. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð J. C. Möller frá 6. október 1938.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Námssjóður J. C. Möllers frá 6. október 1938“.
Heimili sjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, er við stofnun hans kr. 10000.00 —
tíu þúsund krónur — í bréfum veðdeildar Landsbanka Íslands.

Fé eða verðmæti sjóðsins, sem alltaf skal vera skráð á nafn sjóðsins, ber að
ávaxta og varðveita eftir sömu reglum, sem gilda um fé ómyndugra.

Hagnað allan, sem verða kann við útdrátt skuldabréfa, ber að leggja við höfuð-
stólinn.

3. gr.

Árlegum vöxtum skal, að frádregnum nauðsynlegum stjórnarkostnaði, úthluta
einu sinni á ári til eins eða tveggja efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám,
eða ætla sér að stunda nám í einhverjum af hinum teknisku háskólum á Norðurlönd-
um, þó sérstaklega til þeirra, sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagns-
fræði, og þá einkum til þeirra, er stunda eða ætla sér að stunda nám í Den tekniske
Højskole í Kaupmannahöfn.

Ef að eitt eða fleiri ár líða, án þess að stjórn sjóðsins telji nokkurn umsækj-
anda hæfan til styrks, þá skulu vextirnir á því tímabili leggjast við höfuðstólinn.